

Starfsgreinaráð	Heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina
Starfsheiti	Sjúkraliði
Dagsetning	8. apríl 2021
Útgáfunúmer	2.0

#### Starfalýsing:

Sjúkraliði starfar við heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum, öðrum heilbrigðisstofnunum og heimilum skjólstæðinga. Sjúkraliði sinnir nærhjúkrun (e. bedside nursing) og metur m.a. andlegt, félagslegt og líkamlegt ástand skjólstæðinga í samráði og samstarfi við heilbrigðisstarfsfólk og annað fagfólk. Sjúkraliði hefur forvarnir, heilsuvernd, heilsueflingu, faglega þekkingu og samstarf að leiðarljósi í störfum sínum. Starf sjúkraliða er fjölbreytt; þeir veita skjólstæðingum sínum viðeigandi aðstoð, allt frá stuðningi og hvatningu til athafna daglegs lífs til sérhæfðrar hjúkrunar á mjög veikum skjólstæðingum. Sjúkraliði er virkur þátttakandi í þverfaglegu teymi um hjúkrun, meðferð og fræðslu. Sjúkraliði er löggiltur heilbrigðisstarfsmaður og ber ábyrgð á störfum sínum sem slíkur.

#### Hæfnikröfur:

Býr yfir almennri og sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni til þess að vinna hjúkrunar- og umönnunarstörf á faglegan hátt.

Hefur sérhæfða þekkingu á tækjabúnaði sem notaður er í hjúkrunarþjónustu ásamt grunnþekkingu á hjálpartækjum og eiginleikum velferðartækninnar.

Er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og forgangsraða verkefnum með þarfir skjólstæðinga að leiðarljósi.

Hefur færni til að rökstyðja þá hjúkrunarmeðferð sem hann framfylgir hverju sinni.

Metur ástand skjólstæðinga í samvinnu við aðrar fagstéttir og skráir matið samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum á hverjum tíma.

Er meðvitaður um mikilvægi þjónustulundar og hefur tileinkað sér fagtengdar siðareglur og gætir trúnaðar í hvívetna.

Sýnir siðferðisvitund, fagmennsku og gætir þagmælsku í starfi sínu í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.

Miðlar þekkingu til skjólstæðinga, aðstandenda, samstarfsmanna og nema.

Nýtir upplýsingatækni í störfum sjúkraliða. Hefur m.a. þekkingu á varðveislu upplýsinga, upplýsingaleit og skráningakerfum sem notast er við í störfum sjúkraliða.

Þekkir lög og reglugerðir um starfið og fylgir þeim í daglegu starfi.

Á farsæl samskipti við skjólstæðinga með ólíkar þarfir, tekur þátt í þverfaglegu samstarfi á vinnustað. Tekst á við erfið samskipti í starfi

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, tileinkar sér nýjungar og hagnýtir þá þekkingu í starfi.
Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir mikilvægi öryggisvarna, helstu orsakir vinnuslysa og reglur um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.
Þekkir og vinnur eftir öryggisferlum á vinnustað, veitir skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum og aðstæður krefjast.